

Tillaga nefndar um raf- og rafeindatækjaúrgang.
25. október 2007

134. löggjafarþing 2006–2007.

Í vinnslu

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.
 (Lagt fyrir Alþingi á 134. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi starfrófsröð er orðast svo:

Framleiðandi og innflytjandi: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,

- i) framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,
- ii) endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða en endursöluaðilinn telst þó ekki vera „framleiðandi“ ef vörumerki framleiðandans er á tækinubúnaðinum eins og kveðið er á um í i-lið, eða
- iii) flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.

Raf- og rafeindatæki: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sbr. I. Viðauka.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum: raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur: raf- eða rafeindatæki sem er úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.

Skilakerfi: fyrirtæki sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, **III. kafli. Raf- og rafeindatækjaúrgangur**, með 9 nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (14. gr.)

Ábyrgð sveitarfélaga á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. 22. gr. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst.

Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum og er heimilt að taka gjald vegna kostnaðar við móttöku og geymslu hans.

Sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og

rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

b. (15. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir I. viðauka. Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja skulu fjármagna meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til og geymslu á söfnunarstöð sveitarfélaga. Skulu þeir uppfylla skyldur sínar með aðild að sameiginlegu skilakerfi eða skilakerfi eins framleiðanda eða innflytjanda, sbr. 18. Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda til söfnunar frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld.

Umhverfisráðherra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar getur kveðið á um í reglugerð að framleiðandi og innflytjandi annarra raf- og rafeindatækja en raf- og rafeindatækja frá heimilum sé heimilt að gera samkomulag um að kaupandi raf- og rafeindatækis yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Tilkynna ber stýrinefnd um gerð slíkra samninga. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar, skilakerfa svo og annarra hagsmunaaðila við gerð tillagna að reglugerð.

c. (16. gr.)

Upplýsingarskylda framleiðanda og innflytjanda.

Framleiðandi og innflytjandi skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru til dreifingar til kaupanda upplýsa a.m.k um hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi, að heimilt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum án greiðslu og að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur.

d. (17. gr.)

Upplýsingar til þeirra er meðhöndla úrgang.

Framleiðandi og innflytjandi skulu veita upplýsingar um rétta meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs til þeirra sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang. Framangreindar upplýsingar skulu veittar innan árs frá því raf- og rafeindatæki var markaðssett.

e. (18. gr.)

Ábyrgð skilakerfis.

Skilakerfi sem fengið hefur leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 6. mgr., er heimilt að yfirtaka ábyrgð framleiðanda og innflytjanda, sbr. 15. gr.

Skilakerfi skal:

- a. safna raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin,
- b. safna og taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi alls staðar á landinu, sbr. þó 5. mgr. 19. gr.,
- c. tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi,
- d. hafa nægt fjármagn til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi skal safna og taka á móti hlutfalli af heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs

sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem samning hafa við þá, sbr. 3. mgr. 19. gr.

Skilakerfi ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna rekstrar síns. Umhverfissráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er að undanþiggja skilakerfi, sem hefur hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðanda og innflytjanda og eru með ákveðna markaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar, skilakerfa svo og annarra hagsmunaaðila við gerð tillagna að reglugerð.

Skilakerfi ber að leggja fram upplýsingar til stýrinefndar um að það uppfylli kröfur skv. ákvæðum greinar þessarar. Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar, ber henni að tilkynna Umhverfisstofnun um slíkt. Umhverfisstofnun er þá heimilt að beita þvingunarúrræðum sbr. 32. gr. og ef brot eru alvarleg svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

Umhverfisstofnun veitir leyfi til rekstrar skilakerfis. Með umsókn um leyfi til rekstrar skilakerfis ber að fylgja umsögn stýrinefndar um hvort það uppfylli ákvæði laganna. Umsóknargjald er 100.000. kr og skal það standa undir kostnaði við yfirferð umsóknar og útgáfu leyfis.

Skilakerfum ber að greiða kostnað vegna starfsemi stýrinefndar í samræmi við markaðshlutdeild sína, sbr. 6. mgr. 19. gr.

Skilakerfi sem fjármagnað er af einum framleiðanda eða innflytjanda skal tryggja að það safni og meðhöndli hluta af heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs í samræmi við markaðshlutdeild sína.

g. (19. gr.)

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Umhverfissráðherra skipar fimm manna stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og SVP-Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar. Nefndin skiptir með sér verkum.

Stýrinefnd skal:

- a. meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
- b. meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
- c. reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda,
- d. safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og raftækjaúrgangs og ráðstöfun hans, vinnslu þeirra upplýsinga og skil á þeim til Umhverfisstofnunar
- e. ber að reikna út hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í I. viðauka.
- f. ber að móta stefnu um starfsemi sína, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stýrinefnd hefur heimild til að skipta landssvæðum milli einstakra skilakerfa að höfðu samráði við starfandi skilakerfi og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stýrinefnd er heimilt að innheimta gjöld af skilakerfum sem standa eiga undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar. Gjöld skulu miðuð við að þau standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er. Skilakerfi getur óskað eftir upplýsingum um kostnað ásamt eðlilegri sundurliðun gjalda.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stýrinefndar til umhverfissráðherra. Rísi ágreiningur milli stýrinefndar, skilakerfa eða söfnunarstöðva sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara skal vísa

málinu til úrskurðar ráðherra.

h. (20. gr.)

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Stýrinefnd skv. 19. gr. skal reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15. dögum áður en vara er markaðsett hér á landi sem fellur undir I. viðauka.

Stýrinefnd er heimilt að innheimta gjöld af framleiðendum og innflytjendum sem standa eiga undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur skráningarkerfis framleiðenda og innflytjenda. Gjöld skulu miðuð við að þau standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er. Skilakerfi getur óskað eftir upplýsingum um kostnað ásamt eðlilegri sundurliðun gjalda.

Umhverfisstofnunar skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til stýrinefndar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar, skilakerfa svo og annarra hagsmunaaðila við gerð tillagna að reglugerð.

i. (21. gr.)

Eftirlit með framleiðanda og innflytjanda.

Stýrinefnd skal hafa eftirlit með að framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Stýrinefnd ber að koma upplýsingum til framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja um skyldu sína til að skrá sig. Verði framleiðandi eða innflytjandi raf- og rafeindatækja ekki við áskorun stýrinefndar um að skrá sig sbr. 1. mgr. getur nefndin komið ábendingu til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal að fenginni ábendingu stýrinefndar gefa hugsanlegum framleiðanda og innflytjanda kost á að tjá sig um hvort þeir framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir I. viðauka. Að fengnum athugasemdum skal Umhverfisstofnun taka ákvörðun um hvort ábendingin er réttmæt. Telji Umhverfisstofnun ábendinguna réttmæta ber stofnuninni að leggja fyrir viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda að skrá sig í samræmi við 20. gr. Ef aðili verður ekki við tilmælum er heimilt að ákveða dagsektir í samræmi við 32. gr. þar til úr er bætt.

Stýrinefnd er heimilt að óska eftir upplýsingum frá toll- og skattýfirvöldum um heildarmagn, magn í einstökum flokkum sbr. I. viðauka og magn frá einstaka framleiðanda og innflytjanda vegna framleiðslu og innflutnings á raf- og rafeindatækja sem falla undir lögum. Ákvæði 188. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 117 gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattýfirvalda veiti stýrinefnd upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Stýrinefnd er bundin þagnarskyldu um atriði er varðar framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitnesku um og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

j. (22. gr.)

Reglugerðir um raf- og rafeindatæki.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar

hjá stýrinefnd, skilakerfum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga svo og annarra hagsmunaaðila, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

- a. fjölda gámastæða á söfnunarstöðvum sveitarfélaga sem þeim ber að bjóða upp á sbr. 14. gr.,
- b. bann við sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er hægt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta,,
- c. reglur um sölu á raf- og rafeindatækjum til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu og utan þess,
- d. lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs,
- e. nánari ákvæði um skyldu framleiðanda, innflytjanda, sveitarfélaga og seljenda til að upplýsa kaupendur raf- og rafeindatækja, sbr. ákvæði 16. 17. og 18 .gr.,
- f. skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja raf- og rafeindatæki sem falla undir I. viðauka,
- g. þeim markmiðum um söfnun endurnýtingu og endurnotkun sem framleiðanda og innflytjanda ber að ná árlega,
- h. ítarlegri skrá yfir þau raf- og rafeindatæki sem falla undir yfirflokka í I. viðauka.
- i. nánari útfærslu á hvenær og hvernig skilakerfi sækja raf- og rafeindatækjaúrgagn frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga.
- j. nánari útfærslu á skyldu stýrinefndar til að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans, vinnslu þeirra upplýsinga og skil á þeim til Umhverfisstofnunar

3. gr.

Við bætist viðauki við löginn sem hljóðar svo:

I. VIÐAUKI

Flokkar raf- og rafeindatækja

Raf- og rafeindatæki sem hönnuð eru til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum.

1. Stór heimilistæki
2. Lítil heimilistæki
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður
4. Neytendabúnaður
5. Ljósabúnaður
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar)
7. Leikföng, tómsunda-, íþrótt- og útivistarbúnaður
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)
9. Vöktunar og eftirlitstæki
10. Sjálfsalar

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja skal skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda fyrir 1. maí 2008 og eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Framleiðandi og innflytjandi skulu taka yfir ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi skv. lögum þessum þann 1. október 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra þann 4. maí 2005 og var falið það hlutverk að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 2002/96/EB og tilskipun 2003/108/EB. Nefndin var skipuð af Kristínu Lindu Árnadóttur, formaður, umhverfisráðuneyti, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur, deildarstjóra, umhverfisráðuneyti, Andrés Magnússyni, framkvæmdastjóra, tilnefndur af Félagi Íslenskra Stórkaupmanna, Gunnlaugu Einarsdóttur, fagstjóra, tilnefndri af Umhverfisstofnun og Pétri Reimarssyni, forstöðumanni, tilnefndum af Samtökum atvinnulífsins. Þann 7. júní 2007 var Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri, skipaður í nefndina, skv. tilnefningu frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skilaði þann 22. október 2007 tillögum sínum til umhverfisráðherra ásamt skilabréfi.

Nefndin skoðaði ítarlega hvort innleiða bæri tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang með því kerfi sem er að finna í lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 með síðari breytinginum. Samstaða náðist um það í nefndinni að lög um úrvinnslugjald henti ekki til innleiðingar á framangreindri tilskipun. Byggði þessi niðurstaða nefndarinnar á texta tilskipunarinnar sjálfar, innheimtakerfi úrvinnslugjalds, stöðu Úrvinnslusjóðs sem ríkisstofnunar auk þess sem farið var yfir hvernig önnur lönd innan EES-svæðisins hugðust innleiða hana. Nefndin hafði í störfum sínum sérstaklega hliðsjón af kerfum þeim sem hafa verið sett upp í Noregi og Danmörku hvað varðar raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í greinargerð þessari verður farið yfir helstu atriði tilskipunar 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang, fjallað um meginregluna um framleiðendaábyrgð og hvaða kröfur hún setur fram og loks verður farið verður yfir helstu þætti frumvarpsins.

I. Innleiðing á tilskipunum raf- og rafeindatækjaúrgagn

Frumvarp þetta er sett fram til innleiðingar á tilskipun 2002/96/EB um raf- rafeindatækjaúrgang ásamt tilskipun 2003/108/EB sem breytti grunngerðinni. Í tilskipun 2002/96/EB eru settar fram skyldur framleiðenda til að fjármagna, safna, meðhöndla og endurnýta raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Markmið tilskipunarinnar er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra sem koma að vörunni á lífsferli hennar. Gerð er krafa um að safna 4 kg af raftækja- og rafeindatækjaúrgangi á hvern íbúa á ári hverju. Síðan ber að endurnota eða endurnýta ákveðið hlutfall af þeim raftækjum sem safnað er svo og að taka spilliefni úr tækjunum og meðhöndla þau sérstaklega. Gerður er greinarmunur á raftækjum og rafeindatækjum sem ætluð eru til heimilisnota og þeim sem notuð eru í atvinnulífinu.

Í tilskipuninni er framleiðandi skilgreindur sem aðili sem framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki, aðili sem endurselur búnað, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða og að lokum aðili sem flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr aðildarríki í atvinnuskyni. Ótvírætt er að innflytjendur raf- og rafeindatækja eru framleiðendur samkvæmt tilskipuninni en að dreifingaraðilar eru það ekki. Heimilt er hins

vegar samkvæmt tilskipuninni að skylda dreifingaraðila til að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi á skiptigrundvelli þegar þeir selja sambærilega vöru. Hér er þó einungis um heimildarákvæði að ræða.

Í tilskipuninni er lögð sú skylda á aðildarríkin að þau skuli sjá til að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd í samræmi við löggjöf sambandsins setji upp kerfi til meðhöndlunar og endurnýtingar á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Þessar greinar gera ráð fyrir þeim möguleika að þriðji aðili, sem verður þó að uppfylla almennar kröfur sem tilskipunin setur, geti séð um meðhöndlun og endurnýtingu fyrir hönd framleiðenda. Þessi heimild er nauðsynleg til að framleiðendur geti uppfyllt skyldur sínar sameiginlega. Einnig má gera ráð fyrir að sjálfstæð fyrirtæki muni sjá um flutning á raf- og rafeindatækjaúrgangi og meðhöndlun hans en ólíklegt er að hver og einn framleiðandi og innflytjandi muni sjá um þá hluti sjálfur.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum er þó óheimilt að setja yfir á þriðja aðila. Aðildarríkjunum er skylt skv. 8. gr. tilskipunarinnar að sjá til þess að framleiðendur fjármagni a.m.k. söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum sem er afhentur í söfnunarstöðvar skv. 2. mgr. 5. gr. Aðildarríkjunum ber einnig að sjá til að hver og einn framleiðandi og innflytjandi leggi fram tryggingu, þegar hann setur vöru á markað, um að meðferð alls raf- og rafeindatækjaúrgangs verði fjármögnuð og að framleiðendur merki vörur sínar greinilega. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. getur slík trygging verið í formi þátttöku framleiðandans í viðeigandi fjármögnunarkerfum fyrir meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs, endurvinnslutryggingar eða lokaðs bankareiknings. Gert er ráð fyrir að fjármögnun við meðferð eldri raf- og rafeindatækjaúrgangs (historical waste) sé greiddur af öllum framleiðendum á markaðinum.

Tilskipunin gerir einnig ráð fyrir að framleiðendum sé heimilt að uppfylla skyldur sínar skv. henni með því að setja upp eitt eða fleiri sameiginlegt kerfi eða standa einir.

Innleiða átti tilskipunina fyrir 13. ágúst 2005 og áttu ákvæði hennar að vera komin til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2006. Í viðauka I með tilskipuninni er skrá yfir þau raftæki og rafeindatæki sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar, í viðauka II er tilgreind hvaða hluti þurfi að fjarlægja sérstaklega úr tækjabúnaðinum fyrir förgun. Í viðauka III eru sérkröfur um staði þar sem raftækja- og rafeindatækjaúrgangur skal geymdur og meðhöndlaður og í viðauka IV er sýnt það merki sem setja skal á tækin og sýna að þeim megi ekki henda með öðrum úrgangi.

Í frumvarpi þessu er einnig verið að innleiða tilskipun 2003/108/EB sem breytir 9. gr. í upphaflegu tilskipuninni og skýrir reglur sem gilda um kostnað við förgun eldri búnaðar annars en þess sem kemur frá heimilum.

Umhverfissráðuneytinu hefur borist frá Eftirlitsstofnun EFTA bréf dagsett 20. júní 2007 með rökstuddu álitni stofnunarinnar þar sem minnt var á að Íslandi bar að innleiða tilskipun um raf og rafeindatækjaúrgang eigi síðar en 1. febrúar 2006. Ljóst er að næsta skref hjá Eftirlitsstofnun EFTA er að fara í dómsmál og að það verði gert uppfylli íslensk stjórnvöld ekki skyldu sína til að innleiða tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang hið fyrsta.

II. Framleiðendaábyrgð.

Helstu meginreglur sem hið nýja kerfi sem lagt er til í frumvarpi þessu byggir á er að stuðla beri að aukinni endurnýtingu úrgangs og endurnotkun, að dregið sé úr myndun úrgangs og að koma á framleiðendaábyrgð. Hugmyndafræðin um framleiðendaábyrgð

(Producer Responsibility eða Extended producer responsibility, EPR) er ekki nýtilkomin. Meginmarkmið framleiðendaábyrgðar skv. skýrslu OECD frá árinu 2005 sem nefnist “Analytical Framework for evaluating the cost and Benefits of Extended Producer Responsibility programmes” er að minnka kostnað og umhverfisáhrif vegna meðhöndlunar úrgangs með því að „framlengja“ ábyrgð framleiðenda á vöru sinni svo hún nái einnig yfir ábyrgð á öllum samfélagslegum kostnaði við meðhöndlun úrgangs þar á meðal umhverfiskostnaði vegna förgunar. Skýrsluhöfundar benda á að venjubundin meðhöndlun á úrgangi frá heimilum sé vanalega á ábyrgð sveitarfélaga og er kostnaði vegna þessa náð með almennri skattlagningu eða með þjónustugjaldi sem sett er á heimili eða fyrirtæki. Það sem gerir kerfi sem byggir á framleiðendaábyrgð frábrugðið öðrum kerfum er í fyrsta lagi að framleiðendaábyrgð færir fjárhagslega ábyrgð (að hluta til eða að öllu leyti) vegna kostnaðar við úrvinnslu úrgangs til framleiðenda og frá sveitarfélögunum og skattgreiðendum. Í öðru lagi er algengt að kerfi sem byggir á framleiðendaábyrgð geri framleiðendur ábyrga á framkvæmdahlíð við úrvinnslu sértæks úrgangs, til dæmis söfnun eða stjórnun á úrvinnslukerfi. Í þriðja lagi eru slík kerfi hönnuð á þann hátt að það á að fá framleiðendur til að gera sér betri grein fyrir kostnaði við „lokastig“ vörunnar þ.e. þegar hún verður að úrgangi eða fer til endurnýtingar. Þannig er kerfi sem byggir á framleiðendaábyrgð ætlað að hvetja framleiðandann til að taka þennan kostnaðarlið með í reikninginn allan „lífsferil“ vörunnar, þ.e. allt frá hönnun, framleiðslu, notkun, markaðssetningu og úrvinnslu.

i) Framleiðendaábyrgð samkvæmt tilskipun

Í aðfararorðum tilskipunar um raf- og rafeindatækjarúrgang er tekið fram að bandalagið hafi í fimmту aðgerðaráætlun sinni á sviði umhverfismála bent á raf- og rafeindatækjaúrgang sem eitt af þeim sviðum sem nauðsynlegt væri að setja reglur um svo að beita megi meginreglunum um að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnýta hann og farga honum á öruggan hátt. Það var Evrópuþingið sem fór þess á leit með ályktun frá 14. nóvember 1996 að framkvæmdastjórnin legði fram tillögur að tilskipunum um ýmsar tegundir forgangsúrgangs þ.m.t. raf- og rafeindatækjaúrgang og að þessar tillögur væru byggðar á meginreglunni um ábyrgð framleiðenda.

Áhersla er lögð á í tilskipuninni að mismunandi beiting ríkjanna á meginreglunni um ábyrgð framleiðanda geti leitt til verulegs mismæmis í fjárhagsbyrði rekstraraðila og að mismunandi stefnur aðildarríkjanna muni hamla skilvísri endurvinnslu. Tekið er fram að ábyrgð framleiðenda, sem komið er á með tilskipuninni, er ein leið til að hvetja til þess að raf- og rafeindatæki séu hönnuð og framleidd á þann hátt að tekið sé fullt tillit til og stuðlað að viðgerðum, hugsanlegum endurbótum, endurnotkun, sundurtekningu og endurvinnslu. Bandalagið leggur þannig áherslu á að setja verður grundvallareglur um fjármögnun á meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs og þurfa þær fjárhagsáætlanir að stuðla að söfnun í miklum mæli og einnig að framkvæmd meginreglunnar um ábyrgð framleiðanda.

Samkvæmt tilskipuninni skulu notendur raf- og rafeindatækja á heimilum eiga möguleika á því að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi á almennar söfnunarstöðvar, a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Það eru því framleiðendur sem eiga að fjármagna a.m.k. söfnun frá söfnunarstöðvum og meðferð, endurnýtingu og förgun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Til að hugmyndin um ábyrgð framleiðanda beri sem mestan árangur skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna meðferð úrgangs frá eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir þessa skyldu einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi. Löggiöf aðildarríkja þarf því að tryggja að framleiðendur geti stofnað eitt eða fleiri

sameiginleg kerfi eða að þeir geti staðið einir að slíku kerfi. Lögð er áhersla á að hver framleiðandi og innflytjandi skuli, þegar hann setur vöru á markað, leggja fram fjárhagslega tryggingu til að koma í veg fyrir að kostnaður við meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs frá vöru, sem er ekki lengur framleidd, falli á samfélagið eða aðra framleiðendur. Hins vegar er talið rétt að ábyrgðin af að fjármagna meðferð eldri úrgangs skiptist á milli allra starfandi framleiðenda í sameiginlegu fjármögnunarkerfi sem allir framleiðendur leggi fjármagn til í réttu hlutfalli við markaðshlutdeild. Sameiginleg fjármögnunarkerfi skulu þó ekki hafa þau áhrif að útiloka þá sem framleiða fyrir lítinn markað og í litlu magni, innflytjendur eða nýja aðila á markaðnum.

Á aðlögunartímabili skal framleiðendum vera það í sjálfsvald sett hvort þeir vekja athygli kaupenda á kostnaðinum við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun eldri úrgangs við sölu nýrrar vöru. Framleiðendur, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu sjá til þess að tilgreindur kostnaður sé ekki meiri en raunverulegur kostnaður.

Tilskipunin leggur áherslu á að þau kerfi sem sett séu á fót til að sjá um úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs séu sambærileg á öllu EES-svæðinu og á það skilyrði sérstaklega við um fjármögnun kerfisins þar sem mismunandi kröfur milli landa gætu skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja. Hér skiptir einnig miklu að löggjöf landanna stuðli að eðlilegri samkeppni á markaðinum enda er úrvinnsla úrgangs talin sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti í Evrópusambandinu. Einnig er mikil áhersla lögð á forvarnargildi kerfisins þ.e. að framleiðendur leitist við að framleiða vöru sem ódýrt er að endurvinna, endurnýta eða endurnota. Miklu skiptir því að hver einstakur framleiðandi og innflytjandi geri sér grein fyrir þessu kerfi og taki ábyrgð á rekstri þess.

III. Meginþættir frumvarpsins.

Hér á eftir verður farið yfir helstu þætti frumvarpsins með áherslu á ábyrgð þeirra aðila sem koma að því. Frumvarpið byggir eins og áður hefur komið fram á meginreglunni um framleiðendaábyrgð. Gert er ráð fyrir að framleiðendur og innflytjendur muni bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri hins nýja kerfis en að jafnframt beri þeim að uppfylla sínar skyldur með aðild að skilakerfum eða að reka slíkt skilakerfi sjálfir. Skilgreining á því hvaða raf- og rafeindatæki falla undir gildissvið frumvarpsins er að finna í skilgreiningu á raf- og rafeindatæki og að auki í flokkun raf- og rafeindatæki sem er að finna í I. viðauka. Ýmsir möguleikar eru á því hvernig framleiðendur og innflytjendur geta leyst sín mál í samræmi við frumvarpið. Framleiðendur og innflytjendur geta sjálfir tekið sig saman um að stofna skilakerfi, sjálfstætt fyrirtæki gæti tekið að sér rekstur skilakerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur og eins getur hver einstakur framleiðandi eða innflytjandi uppfyllt skyldur sínar einn. Gera má ráð fyrir að í raun þá muni skilakerfi gera samninga við starfandi fyrirtæki á markaðinum, t.d. gámafyrirtæki um að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang til viðkomandi sveitarfélaga. Skilakerfið myndi síðan krefja sína viðskiptamenn um greiðslur í samræmi við kostnað skilakerfisins á hverjum tíma. Hér er því ekki gert ráð fyrir mikilli sjóðsöfnun.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á skýra skiptingu milli ábyrgðarsviðs sveitarfélaga og framleiðanda og innflytjanda. Þannig er tekið fram að sveitarfélögin eiga að bjóða á söfnunarstöðvum sínum upp á gáma fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Það er þannig ákvörðun sveitarfélaganna hversu margar söfnunarstöðvar þeir bjóða upp á í sínum sveitarfélögum og hvernig þeir söfnunarstaðir eru reknir. Þegar gámur sem hefur að geyma raf- og rafeindatæki er fullur ber að hringja í það skilakerfi sem sér um viðkomandi söfnunarstað sveitarfélags og verður þá að sækja gámin innan ákveðins frests. Sá tími sem

má líða frá því söfnunarstöð sveitarfélaga hefur óskað eftir að gámur sé sóttur og þar til hann verður sóttur af skilakerfi verður ákveðin í reglugerð. Sátt er um að sveitarfélögin sjái um að hafa ákveðin gámasæði fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang án greiðslu gegn því að framleiðendur taki að sér meðhöndlun á öllum raf- og rafeindatækjaúrgangi sem safnast en ekki einungis lágmarkskröfu tilskipunar þ.e. 4 kg. enda er þessi útfærsla á kostnaðarskiptingu í samræmi við þau kerfi sem helst hafa verið notuð sem viðmið, þ.e. kerfi Norðmanna og Dana.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé alfarið framleiðenda að sjá um aðra fjármögnun og rekstur kerfisins og er það hornsteinn kerfisins enda er það markmiðið með framleiðendaábyrgð að færa ábyrgð á fjármögnun og rekstri á ákveðnum tegundum á úrgangi frá ríki og sveitarfélögum til framleiðanda og innflytjanda sjálfra. Tillögunni er ætlað að tryggja að sem skýrust skil séu milli ábyrgðar framleiðanda og sveitarfélaga þannig að ekki þurfi að deila um hverjum beri að gera hvað.

Mikilvægt er að gott eftirlit verði með að kerfið í heild sinni skili þeim árangri sem að er stefnt. Í frumvarpinu er lagt til að það verði Umhverfisstofnunar að veita leyfi vegna rekstur skilakerfis en að allt almennt eftirlit með framleiðendur og innflytjendur standi við skyldur sínar verði í höndum stýrinesndar. Lagt er til að stýrinesnd hafi yfirumsjón með nýja kerfinu þar á meðal að gæta þess að hin nýju fyrirtæki sem sjá um framleiðendaábyrgð uppfylli sínar skuldbindingar. Stýrinesnd ber einnig að taka á vandamálum sem geta komið upp um t.d. hvar sækja á úrgang og hvenær ef fleiri en eitt skilakerfi verða á markaðinum. Einnig verði nefndinni falið að safna saman gögnum frá skilakerfum og skila til Umhverfisstofnunar.

Lagt er til að ráðherra verði heimilt í reglugerð að ákveða að skilakerfi sem hafi ákveðinn fjölda aðila og verulega markaðshlutdeild þurfi ekki ábyrgðartryggingu. Með því að falla frá kröfu um ábyrgðartryggingu á fyrirtæki sem hafa stóra markaðshlutdeild er verið að stuðla að því að framleiðendur taki sig saman um að reka slík kerfi og koma í veg fyrir að fyrirtæki þurfi að leggja fram háar tryggingar. Mikilvægt er að rétt verði að málum staðið þannig að ekki komi upp krafa síðar meir um að ríkið taki yfir þennan málaflokk á ný vegna þess að ákveðin félög framleiðenda hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Rétt er að taka fram að nágrannalönd okkar hafa langa reynslu af kerfum þar sem framleiðendum og innflytjendum hefur verið falið rekstur og fjármögnum úrvinnslukerfa. Það sem hefur helst verið gagnrýnt er að ekki hafi allir framleiðendur og innflytjendur tekið þátt í slíku kerfi. Í frumvarpi þessu á hins vegar að vera tryggt að allir þeir sem flytja inn eða framleiða ákveðna vöru sem framleiðendaábyrgð er á taki þátt í fyrirhuguðu kerfi í gegnum kröfu um að allir framleiðendur og innflytjendur þurfa að skrá sig hjá skrá framleiðenda og innflytjenda.

Í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang er gert ráð fyrir að mismunandi reglur gildi hvað varðar ábyrgð framleiðanda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum sem markaðssettar eru fyrir og eftir 13. ágúst 2005. Í ljósi þess að næstum 3 ár eru liðin frá þeim tíma og hversu stuttur líftími flestra þeirra raftækja sem tilskipunin nær yfir er ekki talin ástæða til að flækja kerfið með því að gera mismunandi kröfur eftir því hvenær raf- og rafeindatækið var markaðssett.

Í tilskipunni er gerður greinarmunur á reglum hvað varðar raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum og þeim sem kemur frá fyrirtækjum t.d. iðnfyrirtækjum, stofnunum eða annarsstaðar frá. Í tilskipuninni er úrgangur frá heimilum skilgreindur sem úrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnun og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Hvað varða raf- og rafeindatækjaúrgang

frá iðnaði sem fellur ekki undir að vera heimilisúrgangur er gert ráð fyrir að framleiðandi og innflytjandi fjármagni söfnun og meðhöndlun en einnig að það verði heimilt að semja um annarskonar fyrirkomulag sbr. 2. mgr. b. liðar frumvarpsins.

Lagt er til í frumvarpinu að skýr ábyrgðarskipting sé á milli framleiðenda og sveitarfélaga hvað varðar kynningu um að skila beri raf- og rafeindatækjaúrgangi sérgreindum á söfnunarstöðvar. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sjái um að kynna sín söfnunarkerfi, t.d. hvar almenningur getur skilað raf- og rafeindatækjaúrgangi og hvaða tækjum þeir taki við. Það sé hins vegar á ábyrgð framleiðenda að kynna fyrir almenningi hvaða tækjum beri að skila til söfnunarstöðva. Eðlilegt er að framleiðendur og sveitarfélögin eigi samráð um hvernig beri að tryggja að almenningur fái aðgang að upplýsingum um skil á raf- og rafeindatækjum.

Margskonar skylda er lögð á framleiðanda og innflytjanda hvað varðar merkingu og upplýsingagjöf til ríkis, almennings og þess sem meðhöndlar úrgang. Framleiðendur og innflytjendur eru skyldaðir til að gefa upplýsingar um magn og tegund af raf- og rafeindatækjum sem þeir setja á markað, safnað sama, endurnotað og endurnýtt og um hversu mikið var flutt úr landi.

Framleiðendum ber að upplýsa notendur raf- og rafeindatækja um að raf- og rafeindatækjaúrgangi sé safnað sérstaklega, hvernig það sé gert, hlutverk neytandans í því að safna þessu saman og hugsanleg áhrif á umhverfið og heilsu manna vegna hættulegra efna í vörinni í tengslum við markaðsetningu á vörinni. Einnig ber framleiðendum ber að merkja vörur sínar á ákveðin hátt.

Í frumvarpinu er lagt til að stýrifyndur beri að halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja. Skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja er einn af mikilvægustu þáttum kerfisins þar sem skránni er ætlað að koma í veg fyrir að einstakir framleiðendur og innflytjendur standi fyrir utan kerfið. Þessi skrá gerir það síðan mögulegt að safna saman þeim upplýsingum sem þarf frá framleiðendum og innflytjendum og öðrum aðilum sem koma að kerfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að skilgreiningum sem bætast eiga við 3. gr. laganna.

Í 1. mgr. eru framleiðandi og innflytjandi skilgreindir sem aðili sem framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki, eða endurselur búnað undir eigin vörumerki sem aðrir birgjar framleiða. Einnig telst sá vera framleiðandi og innflytjandi sem flytur raf- og rafeindatæki inn eða út frá Íslandi í atvinnuskyni. Telja verður að á Íslandi sé algengast að raf- og rafeindatæki séu flutt inn erlendis frá og telst sá aðili sem flytur inn slíkan búnað vera innflytjandi. Hins vegar telst sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun ekki framleiðandi eða innflytjandi nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i- til iii liðar. Mikilvægt er að skilgreiningin er óháð þeirri sölutækni sem er notuð og nær þannig m.a. yfir fjarsölu.

Í 2. mgr. er raf- og rafeindatæki skilgreind sem búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið. Í I. viðauka er að finna nánari tilgreiningu á flokkum raf- og rafeindatækja og skal hann hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1 500 volt þegar um er að ræða jafnstraum. I.

viðauki við lögin er samhljóða viðauka I a við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang. Við nánari útfærslu á hvaða raf- og rafeindatæki falla undir lögin ber að nota viðauka I b við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang sem viðmið, sbr. heimild í j. lið frumvarpsins til að setja reglugerð þar um.

Í 3. mgr. er lagt til að raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum sé skilgreindur sem raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Þessi skilgreining byggir á tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang. Er það á valdsviði söfnunarstöðva sveitarfélaga að skilgreina hvað sé raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Söfnunarstöðvum sveitarfélaga er skylt að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangur sem fellur ekki undir að vera frá heimilum en þeim er heimilt í samræmi við a. lið 2. gr. frumvarpsins að taka gjald vegna kostnaðar við móttöku og geymslu hans.

Í 4. mgr. er raf- og rafeindatækjaúrgangur skilgreindur sem úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af vörunni þegar henni er fleygt. Mikilvægt er að allir þeir hlutar raf- og rafeindatækja sem eru hluti af vörunni þegar hún er seld falli undir að vera raf- og rafeindatækjaúrgangur.

Í 5. mgr. er skilakerfi skilgreint sem fyrirtæki sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Framleiðanda og innflytjanda ber að uppfylla skildur sínar með aðild að skilakerfi sbr. b. lið. 2. gr. frumvarpsins. Einn framleiðandi eða innflytjandi getur fallið undir að vera skilakerfi en einnig geta framleiðendur og innflytjendur gert samning við skilakerfi um að þeir taki að sér ábyrgð þeirra skv. frumvarpinu.

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin verði bættur nýr kafli sem ber heitið III. kafli. Raf- og rafeindaúrgangur með 9 nýjum greinum og breytist númer annarra greina laganna í samræmi við það.

Um a. lið.

Lagt er til í 1. mgr. að söfnunarstöðvum sveitarfélaga beri að bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum. Lagt er til í j. lið 2. gr. frumvarpsins að Umhverfisstofnun í samráði við stýrinfund, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skilakerfi og aðra hagsmunaaðila vinni tillögu að reglugerð til Umhverfisstofnunar um fjölda þeirra gámastæða sem söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber að leggja til vegna gáma sem skilakerfin komi með undir raf- og rafeindatækjaúrgangi. Lagt er til að kveðið sé á um fjölda gámastæða í reglugerð enda liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að kveða á um þá skyldu í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að skilakerfi sem vilja t.d. aðeins safna ákveðnum merkjum af raf- og rafeindatækjum þyrftu þá að semja sértaklega við sveitarfélögin um gámastæði og greiða fyrir þau. Einnig er gert ráð fyrir að skilakerfi geta einnig síðar samið sérstaklega við sveitarfélögin um að þau bjóði upp á frekari flokkun á raf- og rafeindatækjaúrgangi, þ.e. ef það hentar t.d. betur að hafa fleiri gáma á söfnunarstöð fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang en upphaflega var gert ráð fyrir. Einungis er gert ráð fyrir að tekið sé við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst sem falla undir skilgreininguna á raf- og rafeindatækjaúrgangur sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að taka á móti öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum. Tiltekið er að söfnunarstöðvum sveitarfélaga sé heimilt að taka gjald vegna kostnaðar við móttöku og geymslu slíks úrgangs sem fellur ekki undir að vera raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum sbr. greinargerð við skilgreiningu á

raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum. Það er síðan skilakerfis að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og koma honum til meðhöndlunar. Gert er ráð fyrir að kveðið sé á um í reglugerð, sbr. j. lið 2. gr. frumvarpsins, um þann tíma sem má líða milli þess sem söfnunarstöð sveitarfélaga óskar eftir að gámur sé sóttur og þangað til að náð er í hann.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá skyldu sveitarfélagana að leiðbeina heimilum um flokkun og skil á raf- og rafeindatækjaúrgangi söfnunarstöðvar. Eðlilegt er að það sé á ábyrgð sveitarfélaga að kynna þetta fyrir sínum íbúum enda geta sveitarfélögin boðið upp á mismunandi kerfi hvað varðar skil. Er þetta í samræmi við ábyrgð sveitarfélaga á söfnun á heimilisúrgangi. Einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leiðbeini öðrum sem vilja nýta sér þjónustu söfnunarstöðva sveitarfélaganna.

Um b. lið.

Í greininni er fjallað um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Kveðið er á um skyldu þeirra til að fjármagna meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til og geymslu á söfnunarstöð sveitarfélaga. Er framleiðindum og innflytjendum heimilt að uppfylla ábyrgð sína sameiginlega eða standa einir en þeim ber að gera það í skilakerfi. Skylda skilakerfa nær ætíð til landsins alls án tillits til þess hvar vara er seld en stýrinfnd er heimilt að skipta landinu upp í svæði ef tvö eða fleiri skilakerfi verða á markaðinum. Á það að tryggja hagkvæmi kerfisins og að hver söfnunarstöð sveitarfélaga þurfi einungis að hafa samskipti við eitt skilakerfi. Í tillögu að e. lið 2. gr. er að finna nánari ákvæði um kröfur sem skilakerfi þurfa að uppfylla hvort sem framleiðandi og innflytjandi ákveður að uppfylla skyldur sínar sjálfstætt eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi. Kveðið er á um að framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim flokkum raf- og rafeindatækjaúrgangs sem hann flytur inn eða framleiðir hér á landi. Mikilvægt er að ábyrgð framleiðanda og innflytjanda til að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang nær einungis til söfnunarstöðva sem sveitarfélög reka. Aðrar söfnunarstöðvar svo og t.d. fyrirtæki verða að semja við skilakerfi um söfnun á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá þeim. Byggir þessi aðgreining á skýrri skyldu sveitarfélaga til að taka á móti raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum gjaldfrjálst og skyldu þeirra til að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi þó heimilt sé að taka gjald vegna kostnaðar við móttöku og geymslu. Skilgreining á söfnunarstöð er að finna í 3. gr. laganna.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um að umhverfisráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um heimild framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja sem ætluð eru til nota í verslunum, iðnaði eða stofnunum o.s.frv., og munu ekki falla undir skilgreiningu á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum, að semja um sín á milli að kaupandi búnaðarins yfirtæki ábyrgð skv. 1. mgr. Þessi heimild mun þannig einungis ná yfir mjög stór og/eða sérhæfð tæki sem ljóst er að mun aldrei falla í almennan úrgang sem kemur frá heimilum. Er hér um að ræða undanþáguákvæði sem ber að skilgreina þröngt og mun t.d. ekki ná yfir tölur sem eru einnig seldar til almennings.

Um c. lið.

Í greinni er að finna kröfu um að framleiðandi og innflytjandi skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru til dreifingar til kaupenda upplýsa a.m.k um hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjum þegar þau eru orðin úrgangur, að heimilt sé að skila honum án greiðslu og að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Í j. liðs frumvarpsins

er umhverfisráðherra heimilað að setja í reglugerð frekari ákvæði um upplýsingaskyldu framleiðenda og innflytjenda. Framleiðenda og innflytjendum ber m.a. að taka fram í upplýsingum sem komið er á framfæri til kaupenda að eftir líftíma vörunnar skuli ekki blanda henni saman við annan úrgang og að heimilt sé að skila henni á söfnunarsstöðvar sveitarfélaga án greiðslu.

Um d. lið

Í 1. greininni er lagt til að framleiðanda og innflytjanda beri að veita upplýsingar um rétta meðhöndlun hvernar gerðar af nýjum raf- og rafeindatækjum sem settur er á markað til þeirra aðila sem sjá um meðhöndlun slíks úrgangs. Tilgangur þessa ákvæðis er að auðvelda endurnotkun og rétta meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs þ.m.t. viðhald, uppfærslu, endurnýjun og endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að slíkar upplýsingar þurfi að lágmarki að uppfylla kröfur sem nauðsynlegar eru aðilum sem sjá um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs til að geta endurnotað og endurnýtt slíkan úrgang, svo sem vegna íhluta og efniviðar raf- og rafeindatækja og um hættuleg efni og efnablöndur. Slíkum upplýsingum er hægt að koma á framfæri á ýmsan hátt t.d. í handbók eða á rafrænum miðlum svo sem geisladiskum eða með beinlínubjónustu. Skulu upplýsingar um rétta meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi veittar innan árs frá því að raf- og rafeindatækið var markaðssett.

Um e. lið

Í e. lið er kveðið á um ábyrgð sem skilakerfi tekur að sér fyrir hönd fyrir hönd framleiðanda og innflytjanda. Helstu skyldur skilakerfis eru að tryggja að slíkum úrgangi sé safnað án gjaldtöku frá söfnunarsstöðvum sveitarfélaga og skal hafa samráð við sveitarfélögin um fyrirkomulag við söfnunina. Ber skilakerfi þannig ábyrgð á að sækja til sveitarfélaga söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi og ábyrgist að hann hljóti viðeigandi meðferð. Mikilvægt er að skilakerfið hafi nægilegt fjármagn til að tryggja að það geti staðið við skuldbindingar sínar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Gert er ráð fyrir að skilakerfi þurfi að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. áður en þeim er heimilt að hefja starfsemi.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu skilakerfi til að safna raf- og raftækjaúrgangi frá söfnunarsstöðvum sveitarfélaga og hafa samráð um slíkt við sveitarfélögin. Samráðið skal meðal annars taka til þess hvenær úrgangur er sóttur hjá hverri söfnunarsstöð og á hvern hátt. Skilakerfi ber að safna og taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi alls staðar á landinu nema hvað stýrinefnd er heimilt að skipta landinu á milli skilakerfa til að tryggja hagkvæmni. Jafnvel þó skilakerfi hafi t.d. einungis umbjóðendur sem selja einungis á höfuðborgarsvæðinu þá er skyldan fortakslaus um að þeim beri að safna á landinu öllu. Skilakerfi er einungis heimilt að semja við atvinnurekstur um úrvinnslu úrgangsins sem hefur gilt starfsleyfi. Ef skilakerfi semur við aðila innan EES-svæðisins er einungis heimilt að semja við aðila sem hefur gilt leyfi útgefna að viðeigandi aðila. Þess er krafist að skilakerfi hafi nægjanlegt fjármagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Er það hlutverk stýrinefndar að fylgjast með að skilakerfi geti staðið við sínar skuldbindingar en einnig er í 4. mgr. krafa um tryggingu um fjárhagslega ábyrgð.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu skilakerfis til að safna og taka á móti hlutfalli af heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem samning hafa við það. Er það á ábyrgð stýrinefndar sem rekur skrá framleiðenda og

innflytjenda að reikna út hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna.

Í 4. mgr. er lagt til að skilakerfum beri að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna rekstrar síns. Lagt er til að umhverfisráðherra setji reglugerð þar sem nánari reglur verða settar um upphæð og form ábyrgðar eða tryggingar. Upphæð ábyrgðar eða tryggingar og form þarf að tryggja að nægilegir fjármunir séu tiltækir til að greiða fyrir úrvinnslu þess úrgangs sem viðkomandi hefur sett á markað. Lagt er til að ákveðið verði í reglugerð að skilakerfi sem hafi ákveðin fjölda af viðskipavinum sem hafa ákveðna markaðshlutdeild sé heimilt að vera undanþegi sérstakri ábyrgðartryggingu. Í norska og danska kerfinu er gert ráð fyrir að skilakerfi sem hafi a.m.k. 10 meðlimi eða 30% skráðra framleiðenda eða innflytjenda í framleiðandaskrá og að þeir hafi a.m.k. 30% markaðshlutdeild í einum af þeim flokkum sem er að finna í viðauka I. En í ljósi heildarstærðar hins íslenska markaðar gæti verði ástæða til að hafa kröfu um markaðshlutdeild hærrí hér á landi.

Í 5. mgr. er kveðið á um skyldur skilakerfa til að leggja fram upplýsingar til stýrinesndar um að það uppfylli kröfur skv. þessari grein. Einnig er kveðið á um þau þvingunarúræði sem heimilt er að beita vegna þeirra fyrirtækja sem uppfylla ekki skyldur sínar til að leggja fram upplýsingar. Er Umhverfisstofnum m.a. heimilt að beita þvingunarúræðum sem er að finna í 21. gr. laganna sem verða 32 gr. verði frumvarpið samþykkt.

Umhverfisstofnun ber skv. 6. mgr. að veita leyfi til rekstrar skilakerfis. Tiltekið er að með umsókn til rekstrar skilakerfis til Umhverfisstofnunar beri að fylgja umsögn stýrinesndar um hvort það telur að umsækjandi uppfylli skilyrði laganna. Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að innheimta 100.000 kr. vegna yfirferð umsóknar, þar sem ljóst er að Umhverfisstofnun muni ekki fá margar slíkar umsóknir er talið eðlilegra að binda umsóknargjald í lögin. Leyfi fyrir skilakerfi eru ótímabundin.

Lagt er til í 7. mgr. að skilakerfum beri að greiða kostnað vegna starfsemi stýrinesndar.

Kveðið er á um skyldur skilakerfis sem fjármagnað er af einum framleiðanda eða innflytjanda og eru þær hinar sömu og skilakerfis sem fjármagnað er af mörgum. Talið er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þessa heimild enda er heimild framleiðanda og innflytjanda til að standa einir einn af grunnþáttum tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Um g. lið

Í g. lið er lagt til að stofnuð verði fimm manna stýrinesnd raf- og rafeindatækjaúrgangs sem skipuð yrði af ráðherra. Gert er ráð fyrir að að fjórir verði skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu og að sá fimmti verði skipaður án tilnefningar. Gert er ráð fyrir að sá nefndarmaður sem skipaður er án tilnefningar af umhverfisráðherra hafi sérþekkingu á sviði samkeppnisréttar og er honum ætlað að tryggja að samkeppnislög verði virt. Stýrinesndinni er ætlað það hlutverk að passa upp á rekstur kerfisins þ.e. að skilakerfin ef þau verða tvö eða fleiri uppfylli skyldur sínar, tryggja að kerfið virki, safna saman upplýsingum frá skilakerfunum til að skila til Umhverfisstofnunar. Stýrinesnd er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og þannig ætlað að tryggja að allir innflytjendur og framleiðendur axli ábyrgð sína og að hún deilist niður í samræmi við innflutning.

Í 2. mgr. eru settar fram þær skyldur sem stýrinesnd ber að sinna. Stýrinesnd ber að meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar og hvort það geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Gert er ráð fyrir að stýrinesnd reki skráningarkerfi framleiðenda og

innflytjenda sbr. h. lið 2. gr. frumvarpsins. Einnig skal stýrinefnd safna saman og vinna úr upplýsingum frá skilakerfum og senda til Umhverfisstofnunar. Í e. lið er lagt til að stýrinefnd beri að reikna út hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkum sem tilteknir eru í I. viðauka. Í f. lið er lagt til að stýrinefndin beri að móta stefnu um starfsemi sína, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar. Eðlilegt er þar sem stýrinefnd er ætlað að hafa umsjón með að skilakerfin uppfylli sínar skyldur og jafnframt skipta verkum milli þeirra að stýrinefnd móti sér skýra stefnu um hvernig það mun sinna sínu hlutverki. Enda skiptir miklu að kerfið gangi vel og að markmiðum verði náð.

Í 3. mgr. segir að stýrinefnd hafi heimild til að skipta landssvæðum milli einstakra skilakerfa að höfðu samráði við starfandi skilakerfi á markaðinum og Samband íslenskra sveitarfélaga. Mikilvægt er til að tryggja hagkvæman rekstur kerfisins og að stýrinefnd verði heimilt að skipta landsvæðum milli einstakra skilakerfa þannig að einungis einn aðili sinni hverri söfnunarstöð sveitarfélaga. Skilakerfi sem vill t.d. einungis safna raf- og raftækjaúrgangi frá ákveðnu vörumerki verður þá að semja sérstaklega við söfnunarstöðvar sveitarfélaganna um að fá að hafa sér gám hjá þeim.

Lagt er til í 4. mgr. að stýrinefnd verði heimilt að innheimta gjöld sem standa eiga undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar. Þetta þýðir að nefndinni er einugis heimilt að taka gjöld sem nægja til að standa undir kostnaði við hana en hún á ekki að skila afgangi. Gjaldtökuheimildin nær til rekstrarþátta sem nefndinni er ætlað að hafa í samræmi við lögin. Gert er ráð fyrir að skilakerfi sé heimilt að óska eftir að fá upplýsingar um kostnað við rekstur nefndarinnar ásamt sundirliðum á einstökum gjöldum í samræmi við það sem eðlilegt getur talist.

Lagt er til í 5. mgr. að heimilt verði að kæra ákvarðanir stýrinefndar til umhverfisráðuneytisins. Stýrinefnd er falið að taka ákvarðanir varðandi málefni sem snerta skilakerfin. Rétt þykir að skilakerfunum sé heimilt að kæra ákvarðanir til umhverfisráðuneytisins enda er það ekki valkvæmt að vera innan skilakerfis. Einnig er mikilvægt að farvegur sé til staðar verði ágreiningur milli stýrinefndar, skilakerfa og sveitarfélaga. Því er lagt til að heimilt verði að vísa ágreiningi milli stýrinefndar og sveitarfélaga og skilakerfa til úrskurðar ráðherra. Er þessi heimild í samræmi við heimild í 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit.

Um h. lið

Í 1. mgr. er lagt til að stýrinefnd beri að reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Lagt er til í 2. mgr. að framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja beri að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15. dögum áður en vara er markaðsett hér á landi. Framleiðendur og innflytjendur skulu einnig gefa skráningarkerfinu upplýsinga sbr. 3. mgr. Í i. lið frumvarpsins er að finna heimildir til handa stýrinefnd og Umhverfisstofnun til að tryggja að allir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækjaúrgangs skrái sig hjá kerfinu.

Í 3. mgr. er lagt til sambærileg heimild og í 6. mgr. g. liðar frumvarpsins til handa stýrinefnd til að innheimta gjöld af framleiðendum og innflytjendum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu skráningarkerfisins og rekstur þess. Ljóst er að nokkur kostnaður er samfara uppbyggingu kerfisins auk þess sem taka þarf að reka það. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við 6. mgr. g. liðar.

Lagt er til í 4. mgr. að umhverfisráðherra setji að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðenda raf- og rafeindatækjaúrgangs til að skrá sig og til að gefa upplýsingar um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum eftir einstökum flokkum auk annara upplýsinga sem stýrinefnd telur nauðsynlegt að fá afhentar til að tryggja virkni kerfisins. Við vinnslu á reglugerð skal Umhverfisstofnun leita umsagnar frá stýrinefnd, skilakerfi auk annarra hagsmunaaðila.

Um i. lið

Gerð er krafa í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang að þvingunarúrræði skuli vera til staðar til að tryggja virkni kerfisins. Skulu þvingunarúrræðin vera áhrifarík, vera í samræmi við meðalhöfsreglu og vera til varnaðar. Í 1. mgr. er lagt til að stýrinefnd skuli hafa eftirlit með að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda. Stýrinefnd ber að koma upplýsingum til framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja um skyldu sína til að skrá sig. Verði framleiðandi eða innflytjandi raf- og rafeindatækja ekki við áskorun stýrinefndar um að skrá sig í hjá skráningarkerfinu getur nefndin komið ábendingu til Umhverfisstofnunar í samræmi við 2. mgr.

Lagt er til í 2. mgr. að Umhverfisstofnun skuli að fengnum ábendingum stýrinefndar skv. 1. mgr. gefa hugsanlegum framleiðendum og innflytjendum kost á að tjá sig um hvort þeir flytji inn eða framleiði raf- eða rafeindatæki sem falla undir lög. Að fengnum athugasemdum skal Umhverfisstofnun taka ákvörðun um hvort ábendingin er réttmæt og ef svo er leggja fyrir viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda að skrá sig í samræmi við h. lið frumvarpsins að viðlögðum dagsæktum. Kveðið er á um dagsektir í 22. gr. laganna sem verður 32. gr. verði frumvarpið samþykkt.

Í 3. mgr. er lagt til að stýrinefnd sé heimilt að óska eftir upplýsingum um heildarmagn, magn í einstökum flokkum sbr. I. viðauka og magn frá einstaka framleiðand og innflytjanda vegna framleiðslu og innflutnings á raf- og rafeindatækja sem falla undir lög. Tiltekið er að ákvæði 188. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 117 gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattýfirvalda veiti stýrinefnd upplýsingar samkvæmt þessari grein. Er hér um að ræða mikilvæga heimild fyrir virkni kerfisins þar sem útreikningar á ábyrgð einstakra framleiðanda og innflytjanda eru gerðir á grundvelli hlutdeildar í heildarinnflutningi. Skilakerfin er heimilt þegar þeir gera samninga við einstaka framleiðanda og innflytjanda að gera kröfu um þær upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að geta yfirtekið ábyrgð þeirra skv. frumvarpinu. Er þar um að ræða frjálsa samninga milli tveggja aðila og þarf því ekki að fjalla um það í frumvarpinu.

Í 4. mgr. er lagt til að stýrinefnd sé bundin þagnarskyldu um atriði er varðar framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem nefndin fær vitnesku um og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

Um j. lið

Í greininni er að finna tillögur að reglugerðarheimildum til handa umhverfisráðherra. Umhverfisstofnun skal vinna tillögurnar og leita við þá vinnu umsagnar hjá stýrinefnd, skilakerfum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga svo og annarra hagsmunaaðila.

Í a. lið er sett fram heimild til að banna sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er hægt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta. Er það í samræmi við kröfu í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í b. lið er að finna heimild til að banna sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er hægt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta. Er þessi heimild til banns í samræmi við kröfur í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í c. lið er að finna heimild til að setja reglugerð um sölu á raf- og rafeindatækjum til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu og landa utan þess. Setja þarf reglur sem skyldar útflytjanda raf- og rafeindatækjaúrgangs til að t.d. skrá sig í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda í innflutningslandi.

Í d. lið er að finna heimild til að setja í reglugerð lágmarkskröfum um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Þessar kröfur er að finna í viðaukum við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í e. lið er kveðið á um heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu framleiðanda, innflytjanda, sveitarfélaga og seljenda til að upplýsa kaupendur raf- og rafeindatækja sbr. 16., 17. og 18. gr. frumvarpsins. Ástæða er talin til að heimila að kveðið verði um upplýsingaskyldu seljenda í reglugerð enda hann sá aðila sem neytandi kaupir vöruna af. Kynning seljanda á þeim upplýsingum sem framleiðandi og innflytjandi útbúa til kaupenda skiptir þannig miklu um hvernig til tekst að koma upplýsingum á framfæri.

Í f. lið er að finna heimild til að kveða á um skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja raf- og rafeindatæki sem falla undir I. viðauka. Tiltekið er í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang hvernig merkið er með skýringarmynd og er það nú þegar komið í notkun.

Í g. lið er að finna heimild til að kveða á um þau markmið um söfnun, endurnotkun og aðra meðhöndlun sem framleiðanda og innflytjanda ber að ná árlega eftir flokkum sbr. I. viðauka. Samkvæmt tilskipun 2002/96/EB er gert ráð fyrir að stjórnvöld sjái til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd nái ákveðnum markmiðum hvað varðar endurnotkunarlutfall raf- og rafeindatækjaúrgangs. Það er á ábyrgð framleiðenda innflytjenda að ná þeim markmiðum sem sett verða í reglugerð af umhverfisráðherra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öllum raf- og rafeindatækjaúrgangi sem er sérgreindur frá öðrum úrgangi fari í endurnotkun eða aðra meðhöndlun. Það verður síðan hlutverk Umhverfisstofnunar sem eftirlitsaðila með kerfinu að fylgjast með því að kerfið í heild sinni nái að lágmarki þeim kröfum sem reglugerðir gera ráð fyrir. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er safnað verði komið í viðeigandi feril og má því gera ráð fyrir að lágmarkskröfum reglugerða verði náð fljótlega eftir að kerfið hefur starfsemi.

Í h. lið er lagt til að sett verði í reglugerð nánari tilgreining á undirflokkum þeirra raf- og rafeindatækja sem tilgreind eru í I. viðauka. Í tilskipun 2002/96/EB er að finna í I. viðauka A og B lista yfir þau raf- og rafeindatæki sem falla undir tilskipunina. Gert er ráð fyrir að nánri tilgreining sem sett verður í reglugerð byggji á tilskipun 2002/96/EB. Helstu flokkar raf- og rafeindatækja sem falla undir frumvarpið eru stór heimilistæki, lítil heimilistæki, upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður, neytendabúnaður, ljósabúnaður, raf- og rafeindatæki að frátöldum stórum föstum tækjum til iðnaðar, leikföng, tómsunda-, íþrótt- og útivistarbúnaður, lækningartæki að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit, vöktunar- og eftirlitstæki og sjálfsalar, samanber I. viðauka við frumvarpið.

Í i. lið er að finna heimild til að kveða á um nánri útfærslu á hvenær og hvernig skilakerfi sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Hér er um mikilvæga heimild að ræða ef aðilar verða ekki á eitt sáttir um hvernig söfnun frá söfnunarstöð á að fara fram.

Í j. lið er að finna heimild til handa ráðherra til að skylda stýrinefnd til að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans, til að vinna úr þeim upplýsingum og um skil á þeim til Umhverfisstofnunar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagður til nýr viðauki sem hefur að geyma listi yfir þau raf- og rafeindatæki sem III. kafla laganna er ætlað að ná yfir. Til frekari skýringa á þessum lista ber að fara eftir nánari tilgreiningu í I. viðauka B lið við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang en þar er að finna nánari tilgreiningu á hvaða raf- og rafeindatæki falla undir frumvarp þetta. Heimilt er skv. h. lið í grein i. þar sem fjallað er um reglugerðarheimildir að setja reglugerð þar sem framangreindur viðauki er útfærður.

Um 4. gr.

Lagt er til að löggin öðlast þegar gildi til að framleiðendur og innflytjendur geti strax byrjað að undirbúa sig undir að taka yfir ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Lagt er til að framleiðandi og innflytjandi sem eru starfandi beri að skra sig eigi síðar en 1. maí 2008 hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda og þar með eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Lagt er til að framleiðandi og innflytjandi skulu taka yfir ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi eigi síðar en 1. október 2008.